

## HVALFJARÐARGÖNG



### VERKSVIÐ VERKÍS

Verkís kom að nær öllum þáttum hönnunar Hvalfjarðarganga:

- Hönnun vegar og veglínu
- Hönnun steyptra gangamunna
- Hönnun spennistöðva í göngum
- Hönnun tollskýlis
- Hönnun regnvatnslagna
- Hönnun dælukerfis fyrir lekavatn í botni ganganna
- Umferðarmerkingar
- Áhættugreining

### LÝSING

Hvalfjarðargöng þvera Hvalfjörðinn utarlega eða á móts við Tíðarskarð og Hnausaker. Göngin liggja í bergi undir fjörðinn og stytta vegalengdina vestur og norður í land eftir Þjóðvegi 1 um 42 km.

Göngin eru tvær akreinar, en að norðanverðu er þriðju akreininni bætt við til að gefa möguleika á framúrakstri. Einnig eru í göngunum útskot á 500 m fresti til að snúa bílum.

Framkvæmdirnar mörkuðu tímamót í stórfamkvæmdum á Íslandi því í fyrsta skipti var farin sú leið að einkafyrirtæki stóð að framkvæmdunum og fjármagnaði þær án aðkomu ríkissjóðs.

Fyrirtækið Spölur ehf. sá um framkvæmdina og á nú og rekur göngin.

Fyrirtækið innheimtir veggjald af vegfarendum til að borga fyrir

framkvæmdina en íslenska ríkið mun eignast göngin þegar þau verða að fullu greidd.

### ALMENNT UM VERKIÐ

Hvalfjarðargöngin tengja suður og suðvesturland við vesturland og norðurland. Þjóðvegur 1, eða Vesturlandsvegur eins og hann heitir þarna, liggur um göngin sem eru við utanverðan Hvalfjörð.

Göngin voru grafin á árunum 1996-1998 og voru opnuð fyrir bílaumferð þann 11. júlí 1998.

### TÆKNIUPLÝSINGAR

#### Hvalfjarðargöng:

Lengd ganga: 5.650 m  
þar af eru 3.750 m undir sjávarmáli

Dýpt undir sjávarmáli 165 m  
Mesta dýpt sjávar 40 m  
Bergþykkt yfir göngum >40 m

Vatnsrými dælukerfis fyrir lekavatn: 2.000 m<sup>3</sup>

#### Langhalli:

4-7% að sunnan  
8,1% að norðan

#### Lengd steyptra vegskála:

225 m að sunnan  
65 m að norðan

#### Umferð:

Göngin voru hönnuð til að anna 5 þús. bíla umferð á sólarhring

#### Framkvæmdakostnaður:

5.000 Mkr. eða um 70 milljónir \$

Aðrir hönnuðir:  
Skanska teknik AB  
Raftákn

